

Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs

Hótel Örk í Hveragerði 18. október 2018

1. Setning

Jón G. Valgeirsson, formaður SOS, setti fundinn.

2. Kjör fundarstjóra og fundarritara

Formaður tilnefndi Eyþór H. Ólafsson fundarstjóra og Rósu Sif Jónsdóttur sem fundarritara. Var það samþykkt samhljóða.

Í lok máls síns fól formaður fundarstjóra stjórn fundarins.

3. Kosning kjörbréfa- og kjörnefndar

Lögð var fram svohljóðandi tillaga stjórnar SOS að kjörbréfa- og kjörnefnd.

Kjörbréfanefnd

Aldís Hafsteinsdóttir
Ari Björn Thorarensen
Björk Grétarsdóttir

Sveitarfélag

Hveragerðisbær
Sveitarfélagið Árborg
Rangárþing ytra

Var tillagan samþykkt samhljóða og tók kjörbréfa- og kjörnefnd þegar til starfa.

4. Skýrsla stjórnar

Jón G. Valgeirsson, formaður, flutti skýrslu stjórnar. Kynnti hann bæði fráfarandi og nýja stjórn SOS. Viðræður hafa verið í gangi við SSH/SORPU og Ölfus. Í apríl sl. var undirrituð viljayfirlýsing fjögurra aðila (Fjórhjólsins) um vilja til að vinna að frekara samstarfi í úrgangsmálum. Viðræður hafa verið um Nessand í Ölfusi og var haldinn íbúafundur í Ölfusi til kynningar á verkefninu. Sveitarfélagið hefur nú hafnað viðræðum um Nessand. Ráðinn hefur verið verkefnastjóri, Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur, til að skoða möguleika á sorpurðun á Suðurlandi en móttökusamningur við Sorpu er í uppnámi. Á síðasta fundi voru kynntar 23 tillögur frá Stefáni Gíslasyni sem hann mun kynna síðar á fundinum. Unnið hefur verið að frágangi í Kirkjuferjuháleigu. Orkugerðin er einnig fyrirtæki sem SOS á í, þetta er frábært umhverfisfyrirtæki og er verið að vinna í frekari vinnslu á nýjum notkunarmöguleikum.

Verkefni næsta starfsárs er að vinna áfram að greiningarvinnu í samvinnu við Stefán Gíslason og finna lausnir vegna meðhöndlunar úrgangs. Skoða þarf mögulega urðunarstaði á Suðurlandi, endurskoða svæðisáætlun og skilgreina samstarf við SASS. Einnig þarf að halda áfram viðræðum *Fjórhjólsins*.

5. Lögmati fundarins skv. niðurstöðu kjörnefndar

Ari Björn Thorarensen, formaður kjörnefndar, kvaddi sér hljóðs og kynnti niðurstöðu um lögmati fundarins. Kom fram að kjörnir fulltrúar eru 9 og gild kjörbréf eru fyrir 9 fulltrúa. Alls eru 9 aðalfulltrúar mættir. Fundurinn úrskurðast því lögmatum.

6. Afgreiðslumál

a) Ársskýrsla SOS

Voru henni gerð skil í skýrslu formanns fyrr á fundinum.

b) Endurskoðaðir ársreikningar 2017

Jón G. Valgeirsson, formaður, kynnti ársreikning fyrir árið 2017, þar kom fram að rekstrartap er tæplega 8,2 m.kr.

c) Tillaga að fjárhagsáætlun 2019

Jón G. Valgeirsson, formaður, kynnti fjárhagsáætlun fyrir árið 2019. Helstu tölur eru þær að rekstrartekjur verði um 10 m.kr. og rekstrargjöld um 14,9 m.kr.

d) Tillaga að gjaldskrá

Lögð var fram eftirfarandi tillaga að breytingum á gjaldskrá Sorpstöðvar Suðurlands fyrir árið 2019.

Tillaga til aðalfundar SOS 18. október 2018 um breyttan tekjustofn (gjaldskrá)

Fram til þessa hefur tekjustofn SOS byggst á umsýslugjaldi sem lagt hefur verið á allan úrgang sem fer til urðunar og hefur gjaldið verið 0,76 kr./kg. án vsk.

Lagt er til að breyta tekjugrunninum hjá SOS og byggja hann framvegis á að brunabótamat vigti 70% og að fjöldi íbúa vigti 30% í hverju sveitarfélagi sem aðild á að SOS.

Í töflunni hér á eftir má sjá hvernig gjaldið skiptist á sveitarfélögin sem aðild eiga að SOS, gengið er út frá að markaður tekjustofn Sorpstöðvarinnar á ári sé að fjárhæð 10 m.kr. og miðað er við að brunabótamat vigti 70% og fjöldi íbúa vigti 30%. Í dálknum „Samtals gjöld“ má sjá hvernig árgjaldið til SOS skiptist á einstök sveitarfélög m.v. fyrrgreindar forsendur.

Gert er ráð fyrir að innheimta gjaldið 1. febrúar og 1. júlí ár hvert skv. neðangreindu:

Marktekjur	mkr.
	10 m.kr.
Vægi Brunabótamats - meðaltal 3ja þátta	70%
Vægi íbúafjölda	30%

Aðilar að sorpsamningnum - 2017	Samtals gjöld	Gjöld %	v/Bruna-bótamats	v/Íbúa-fjölda
1 Skeiða- og Gnúpverjahreppur	481.760	4,82%	383.324	98.435
2 Flóahreppur	307.763	3,08%	215.889	91.873
3 Sveitarfélagið Árborg	3.051.033	30,51%	1.767.805	1.283.228
4 Hrunamannahreppur	439.518	4,40%	329.099	110.419
Gámajj. sér um neðangreind sveitarf.	5.719.927	57,20%	4.303.882	1.416.045
5 Sveitarfélagið Ölfus	975.310	9,75%	674.154	301.156
6 Bláskógabyggð Grímsnes- og	906.080	9,06%	747.013	159.066
7 Grafningshreppur	933.915	9,34%	865.581	68.334
8 Hveragerði	874.208	8,74%	508.142	366.066
Sorpstöð Rangárvallasýslu	2.030.414	20,30%	1.508.991	521.423
9 Rangárþing eystra	873.290	8,73%	616.787	256.503
10 Rangárþing ytra	819.584	8,20%	589.901	229.683
11 Ásahreppur	337.540	3,38%	302.303	35.237
Samtals	10.000.000	100,00%	7.000.000	3.000.000

e) Tillögur um þóknun stjórnar

Lögð var fram tillaga um þóknun stjórnar.

1. Laun stjórnar skulu nema 3,0% af þingfararkaupi fyrir hvern fund. Laun formanns skulu nema 4,5% af þingfararkaupi fyrir hvern fund.
2. Fulltrúar í stjórn skulu fá greitt fyrir akstur til og frá fundarstað skv. akstursdagbók í samræmi við reglur RSK um aksturskostnað.

f) Tillögur um breytingar á samþykktum

Engar tillögur bárust.

g) Tillögur frá stjórn og aðildarsveitarfélögum

Engar tillögur bárust.

7. **Erindi: Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur. Úrvinnsla tillagna um úrgangsmál á Suðurlandi**

Stefán Gíslason tók til máls og fór yfir úrvinnslu tillagna um úrgangsmál á Suðurlandi. Í upphafi fór hann yfir vinnu sína fyrir SOS. Gerður var samningur við hann haustið 2016 um að greina stöðu úrgangsmála á Suðurlandi og vinna tillögu að lausnum fyrir málaflökkinn. Fór hann í kjölfarið í upplýsingavinnu um stöðu mála og kortlagningu á uppruna og afdrifum úrgangs á svæðinu. Gerði hann könnun á möguleikum á mismunandi úrvinnsluleiðum einstakra úrgangsflokka og lauslegt mat á möguleikum út frá tæknilegum og fjárhagslegum forsendum. Í lokin gerði hann tillögu að fýsilegum valkostum út frá gefnum upplýsingum.

Búið er að gefa út áfangaskýrslu sem kom út vorið 2017 og þá um haustið kom út valkostaskýrsla. Í fyrri skýrslunni var m.a. yfirlit yfir hvernig málunum var fyrir komið á svæðinu, magntölur eftir úrgangsflokkum og sveitarfélögum. Þar kom einnig fram að söfnun plastumbúða væri skammt á veg komin og gjaldskrár væru of lágar. Magn úrgangs á hvern íbúa milli ára 2016-2017 jókst um 19%.

Í valkostaskýrslunni voru valkostir í söfnun og ráðstöfun þess úrgangs sem til fellur lagðir fram. Einnig voru kynntar 23 tillögur um fyrirkomulag á meðhöndlum úrgangs frá Suðurlandi sem hægt væri að vinna úr. Sýndi hann nokkur dæmi af tillögum. Fór hann yfir fyrstu hugmyndir að aðgerðum. Hugsanlega mætti fara í jarðgerð á Strönd og hefur Verkfræðistofan Efla unnið drög að kostnaðaráætlun vegna þess, fór hann yfir þau. Tók hann einnig sem dæmi að í Noregi eru um 80 skráðar jarðgerðarstöðvar. Íslendingar eru allt of tregir til að fara út í svona verkefni. Einnig hefur Efla unnið kostnaðaráætlun um brennslu erlendis og fór hann yfir hana. Ræddi hann um að í Stykkishólmi er þriggja tunnu kerfi og hefur það skilað sér sérlega vel og hefur urðunarhlutfall heimilisérgangs lækkað og gerði það mjög fljótt. Ræddi hann um förgun á óflokkuðum úrgangi en farga þarf honum á sem hagkvæmasta hátt. Spurningin er hvort eigi að vera með áframhaldandi urðun í Álfsnesi, á Suðurlandi eða hvort flytja eigi úrganginn landshornanna á milli. Einn möguleikinn er að flytja úrgang út til urðunar erlendis, þá væri hægt að flytja hann frá Þorlákshöfn og út til Rotterdam. Ræddi hann um að setja ákvæði í samþykktir sveitarfélaga á starfssvæði SOS um meðhöndlun úrgangs, um skyldu einstaklinga og lögaðila til að flokka úrgang. Leitað hefur verið til Landsambands sumarbústaðaeigenda um samstarf við flokkun úrgangs og til Atorku – félags atvinnurekenda á Suðurlandi og í framhaldi var farið í að gera könnun á fyrirkomulagi úrgangsmála hjá fyrirtækjum á starfssvæði stöðvarinnar, m.a. til að afla upplýsinga um afdrif og magn lífræns úrgangs hjá fyrirtækum, sendar voru út spurningar og var svarhlutfall með ágætum. Heildarmagn rekstrarúrgangs á svæðinu gæti verið allt að 4.000 tonn. 70% vildu sjá meiri flokkun og 50% vildu sjá sveitarfélögin gera eitthvað.

En það þarf að borga fyrir þennan málaflökk. Auka þarf fræðslu og auka flokkun á lífrænum úrgangi. Nú er lykilatriðið að finna nýjan urðunarstað.

Það eru miklar breytingar fram undan. Hringrásarkerfi er í sókn. Í dag er litið á úrgang sem auðlind frekar en vandamál. Aukin áhersla á lofslagsmál skiptir miklu máli. Valið

stendur ekki á milli urðunar og endurvinnslu heldur um val á bestu endurvinnsluleiðum og um val á förgunarleiðum þegar að allt um þrýtur.

8. Almennar umræður

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Eyþór H. Ólafsson, Kolbeinn Sveinbjörnsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Ari Björn Thorarensen, Ásta Stefánsdóttir og Gunnar Egilsson tóku til máls.

Jón G. Valgeirsson og Stefán Gíslason svöruðu fyrirspurnum sem lagðar voru fram á fundinum.

9. Afgreiðsla á b. lið og tillögum c, d, og e í kafla 6 hér að framan

b) Lagt er til að endurskoðaður ársreikningur 2017 verði samþykktur.

Tillagan um endurskoðaðan ársreikning 2017 var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

c) Lagt er til að fjárhagsáætlun 2019 verði samþykkt.

Tillaga að fjárhagsáætlun 2019 var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

d) Lagt var til að gjaldskrá verði samþykkt.

Tillaga að gjaldskrá var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

e) Lagt er til að tillögur að þóknun stjórnar verði samþykktar.

Tillögur að þóknun stjórnar voru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

10. Kosningar

Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands, 5 menn og 5 til vara

Aðalmenn:

Jón G. Valgeirsson, Hrunamannahreppi
Gísli Halldór Halldórsson, Árborg
Arna Ír Gunnarsdóttir, Árborg
Anton Kári Halldórsson, Rangárþ. eystra
Ingibjörg Kjartansdóttir, Sveitarf. Ölfusi

Varamenn:

Einar Bjarnason, Skeiða- og Gnúpverjahr.
Álfheiður Eymarsdóttir, Árborg
Helgi Haraldsson, Árborg
Ágúst Sigurðsson, Rangárþingi ytra
Sigurður Einar Guðjónsson, Hveragerði

Formaður: Jón G. Valgeirsson, Hrunamannahreppi.

Varaformaður: Anton Kári Halldórsson, Rangárþingi eystra.

Tillaga kjörnefndar var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Jón G. Valgeirsson, formaður, þakkaði fráfaraði stjórn samstarfið og óskaði nýrri stjórn velfarnaðar. Ræddi hann um að úrgangsmál þurfi að fá þá umræðu sem þau eiga skilið. Að lokum þakkaði hann einnig starfsmönnum og fundargestum fyrir góðan fund og umræður.

Fundarstjóri sleit fundi kl. 16:55.